

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbraf: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1140
komudagur 25.2.2004



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2004

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun. 477. mál


Samtök ferðapjónustunnar hafa fengið ofangreinda tillögu til umsagnar og lýsa sig í meginatriðum samþykkt þeirri grunnhugsun sem fram kemur í tillögunni að því gefnu að aðgengi ferðamanna sé tryggt með því skipulagi sem upp er sett.

Samtökin vilja benda á að megin þorri ferðamanna sem kemur til landsins er kominn til að njóta einstakrar náttúru landsins og því þarf að fara mjög varlega í allar framkvæmdir á þeim svæðum sem eru í hvað mestum metum bæði hjá landsmönnum sjálfum og gestum okkar.

Þó þau svæði sem hér er sérstaklega lagt til að vernda séu ekki öll vinsælir viðkomustaðir ferðamanna verður að hafa í huga heildaryfirbragð landsins og mikilvægi verndunar þess.

Samtökin vilja ítreka skoðanir sínar um að fullt samráð verði haft við rekstraraðila í ferðapjónustu þegar kemur að útfærslu friðlýsingar einstakra svæða þannig að tryggt verði að ekki verði settar það strangar kröfur að ókleyft verði að reka arðbæra ferðapjónustu á svæðinu og friðlýsing verði til að takmarka aðgengi ferðamanna.

Virðingarfyllt
F.h Samtaka ferðapjónustunnar


Þorleifur Þór Jónsson
hagfræðingur